


Mannfjöldapróun

Landið allt

Mannfjöldapróun á Íslandi hefur verið með ákaflega mismunandi hætti undanfarna áratugi sjá mynd 1. Eins og sést á myndinni þá hefur fólki fækkað mest á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum á þessu tímabili. Hlutfall fólks á aldrinum 20-39 ára af heildarmannfjölda á landinu hefur lækkað um 1,8 prósentustig á síðasta aldarfjórðungi en á Norðurlandi vestra er lækkunin um 3 prósentustig. Þetta endurspeglar að hlutfall eldri árganga er almennt að vega þyngra og að landshlutinn hefur ekki náð að halda fólki á aldrinum 20 - 39 ára.¹



Mynd 1 Mannfjöldapróun eftir landshlutum 1990 – 2017

Austur-Húnavatnssýslur

Á tímabilinu 1998 – 2017 fækkaði íbúum A-Hún um 19,53%, samhliða fækkun hefur breytt aldurssamsetning íbúa sjá mynd 2. Sé litið á aldurspíramídan eins og hann var 1.janúar 2017 sést að það er innfelling sem gefur sterkt til kynna að fjölskyldufólk á barneignaraldri mætti vera fleira sjá mynd 3. Þar sést jafnframt að karlar eru fleiri en konur, skipting íbúa eftir kyni er mikilvægur kvarði því kynjahalli ber vott um stöðnun, almenna kenningin er sú að fyrst flytjist konur búferlum og karlarnir komi á eftir. Niðurstöður rannsóknar Önnu Kristínar Gunnarsdóttur sem var lokaverkefni til M.A.gráðu við Háskóla Íslands *Orsakir búferlaflutninga kvenna af landsbyggðinni* sýna að helstu ástæður fyrir búferlaflutningi kvenna á aldrinum 20 – 39 ára af landsbyggðinni eru nám, fábreyttur vinnumarkaður og betri launakjör. Jafnframt að stefnumótun, umræða og ákvarðanatáka um byggðapróun er nær eingöngu í höndum karla.² Í heimsóknum ráðgjafa Ráðrík ehf., á vinnustaði kom fram m.a. sú ábending að Vinnumálastofnun á Skagaströnd, Sýslumaðurinn á Blönduósi og


¹ Atvinnuuppbygging í Austur-Húnavatnssýslu, verkefnisstjórn A-Hún, maí 2015, bls 7 -8

² <http://hdl.handle.net/1946/3996>

Fæðingarorlofssjóður á Hvammstanga í Vestur Húnavatnssýslu væru góð dæmi um vinnustaði sem konur væru í meirihluta og þeir skiptu sköpum varðandi val á búsetu.

Samtala sveitarfélaga


Mannfjöldaþróun fyrir bæði karla og konur frá 0 ára til 109 ára
Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd.



Mynd 2.

Samtala sveitarfélaga

Aldursdreifing þann 1. janúar 2017
Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd.



Mynd 3.